

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag fyrir fiskeldi í landi Varmahlíðar.

Deiliskipulagið tekur til um 1,5 ha reits til uppbyggingar fiskeldis á jörðinni Varmahlíð undir Austur-Eyjafjöllum. Markmið deiliskipulagsins er að afmarka byggingarreit fyrir fiskeldisker með tilheyrandi aðstöðu þ.m.t. yfirbyggingu yfir fiskeldiskerin. Nýta á staðhætti eins vel og kostur er til rekstrar á bleikjueldi. Áætlaður framleiddur lífmassi verður að hámarki 19 tonn á ári.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 11. desember 2014.

Deiliskipulag fyrir lögbylíð Straum, Austur-Landeyjum.

Deiliskipulagið tekur til hluta af landsvæði lögbylísins Straums, Austur-Landeyjum. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, frístundahúss, bílgeymslu og verkfærageymslu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 16. júní 2014.

Deiliskipulag fyrir landspilduna Eyland, Vestur-Landeyjum.

Deiliskipulagið tekur til um 3,5 ha landspildu úr landi Eylands, Vestur-Landeyjum. Gert er ráð fyrir byggingu frístundahúss, gestahúss og geymslu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af byggðarráði Rangárþings eystra 24. júlí 2014.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 20. mars 2015.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.